


## Múlakot í Fljótshlíð – Guðjón Friðriksson



### Sannkallaður ævintýraheimur

Ég er fæddur í Reykjavík árið 1945 og af venjulegu alþýðufólki komin. Foreldrar mínir áttu ekki bíl en reyndu amk. einu sinni á sumri að fara í skemmtiferð út á land í nokkra daga. Utanlandsferðir voru ekki inni í myndinni. Sumurin 1954 og 1955 ákváðu pabbi og mamma að fara í vikudvöl að Múlakoti í Fljótshlíð og hafa mig með. Ástæðan var m.a. sú að Sigrún systir mín var þá í sveit hjá séra Sveinbirni Högnasyni á Breiðabólstað og þau hugðust nota ferðina til að heilsa upp á hana. Önnur ástæða var kannski sú að faðir minn Friðrik Guðjónsson og Ólafur Túbals í Múlakoti voru gamlir kunningjar. Pabbi, sem var fæddur 1897, hafði lært málaralist ungur maður og fékkst alla tíð töluvert við hana en rak annars innrömmunarverkstæði í Reykjavík. Gott ef þeir Ólafur höfðu ekki einhvern tíma farið á hestbaki saman ásamt Eyjólfí Eyfells inn í Þórsmörk til að mála.

Við tókum áætlunarbíl í Fljótshlíðina en þá tók slík ferð óralangan tíma að mér fannst. Minnisstæður er gamli þjóðvegurinn um Fljótshlíð sem hlykkjaðist örmjór um hlíðina með Markarfljótsaurana fyrir neðan og var seinfarinn. Eftir því sem innar dró varð landslagið ævintýralegra, snarbrattar grænar brekkur, hamrabelti og ótal sprænur, lækir og fossar. Og á móti blasti Eyjafjallajökull í allri sinni tign. Þetta var eitthvað fyrir níu ára dreng með auðugt ímyndunarafl, sannkallað ævintýraland.

Og Múlakot brást ekki vonum. Okkur var fengið til íveru risherbergið á móti vestri með stórum glugga á gaflinum. Þar undir var svo matsalurinn. Vikudvölin á þessu sumri og því næsta rennur dálítið út í eitt hjá mér. Fleiri

gestir voru auðvitað í Múlakoti og börn sem ég lék mér við. Ég man að annað sumarið voru þau Guðlaugur Rósinkranz Þjóðleikhússtjóri og Lára kona hans gestir og lék ég mér þá mikið við Gunnar son þeirra. Einnig kynntist ég þarna strák úr Reykjavík sem seinna átti eftir að verða bekkjarbróðir minn í menntaskóla. Sá var Þórður Jónsson, nú viðskiptafræðingur sem var þarna með foreldrum sínum. Nú ef engir krakkar voru þá var hægt að gantast við þær Lilju og Fjólu, dætur Ólafs og Láru húsfreyju. Þær voru til í það. Eitt sinn komu stelpur frá Hlíðarendakoti og kannski einhverjir fleiri krakkar úr sveitinni og farið var í leiki. Ég man að ein stelpa rauk allt í einu á mig og kyssti mig snöggt. Þetta kom mér algerlega úr jafnvægi, ég eldroðnaði og var mest hræddur um að mamma hefði séð þetta út um gluggann.

Eitt kvöldið kom séra Sigurður Einarsson í Holti í heimsókn ásamt Magneu konu sinni. Það kvöld var gleðskapur setustofunni sem barst sem ómur upp til mín í herberginu fyrir ofan. Prestshjónin gistu og daginn eftir buðu þau okkur í bílferð um héraðið. Guðlaugur Þjóðleikhússtjóri og Lára slógust einnig í för ásamt Gunnari syni þeirra. Gott ef Ólafur Túbals var ekki líka. Farið var að Keldum og fleiri sögustaðir skoðaðir.

Öðrum stundum fór ég einn í skoðunarferðir um nágrennið. Ég gekk hátt upp í hlíðina fyrir ofan og varð jafnvel að klifra í snarbröttum klettum. Mig langaði til að sjá hvað væri hinum megin við fjallið en alltaf birtust nýjar og nýjar brekkur og ég komst aldrei svo langt. Einu sinni plataði ég þabba til að ganga með mér upp í hlíð. Hann var mæðinn enda reykingamaður og gafst fljótlega upp. Ég gat ekki dregið hann lengra en að stórum steini. Öðru hverju var farið að hinum glæsilega Gluggafossi, öðru nafni Merkjárfoss. Einn daginn skall á ofsarok. Allir fóru út á tún að bjarga heyjum, líka gestirnir. Maður gat hallað sér lárétt fram í rokið án þess að falla. Annan dag lenti flugvél á túninu. Hvort tveggja stendur fast í barnsminninu.

Af bæjarhúsunum sjálfum man ég best eftir risastórum köngulóm að mér fannst sem héldu til í gluggum og krókum. Mesta ævintýrið var samt hinn landsfrægi garður Guðbjargar Þorleifsdóttur og skógræktin þar fyrir innan. Guðbjörg var enn á lífi þegar þetta var, hæglát, þrúð vel til höfð gömul kona. Í gróðurskála hennar í einu horni garðsins tók þabbi mynd af okkur mömmu með Guðbjörgu. Við vorum þarna í ágúst og þá voru fest upp mislit ljós í trén þannig að garðurinn varð sannkallaður ævintýraheimur. Ég hafði aldrei séð svona stór og mikil tré. Reykjavík var þá enn harla berangursleg og trjásnaud.

Ólafur Túbals var með atelier að húsabaki og þangað heimsóttum við þabbi hann og virtum fyrir okkur málverk hans. Ég man líka eftir Soffíu Túbals systur hans, gustmikilli konu sem átti sumarhúsið á jörðinni og umgekkst okkur dálítið meðan við vorum þarna.

Sumargististaðurinn Múlakot var í gömlum stíl líkt og mörg önnur sveitahótel á þessum tíma, öðrum þræði gestrisið heimili með heimilislegum mat. Og fögur var hlíðin eins og forðum.

Myndirnar hér fyrir neðan eru:



*Mynd úr garði ásamt Þórði Jónssyni*



*Í garðinum*



*Sigríður, móðir Guðjóns, Guðbjörg og Guðjón*



*Feðgarnir Guðjón Friðriksson og Friðrik Guðjónsson uppi í brekku*



*Við Gluggafoss*



*Uppi í brekku, séð yfir Múlakot*